Tillaga að ályktun um Tillaga að ályktun um mikilvægi fjölbreyttra aðgerða innan 5,3% kerfisins

71. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Patreksfirði 27. og 28. október 2026, leggur áherslu á mikilvægi þess að viðhalda fjölbreyttum aðgerðum innan 5,3% kerfisins og tryggja að þær nýtist áfram til eflingar atvinnulífs og byggðafestu í sjávarbyggðum landsins.

Fjórðungsþingið lýsir yfir áhyggjum af hugmyndum um að auka hlutdeild strandveiða innan kerfisins á kostnað annarra mikilvægra aðgerða, svo sem línuívilnunar, skel- og rækjubóta og sértæks byggðakvóta.

Þessar aðgerðir hafa hlutfallslega mikið vægi á Vestfjörðum og gegna lykilhlutverki í að viðhalda atvinnustarfsemi, styðja við landvinnslu sjávarafurða og tryggja heilsársstörf í fámennum sjávarbyggðum.

Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á stjórnvöld að standa vörð um fjölbreytni 5,3% kerfisins og tryggja að breytingar á ráðstöfun aflaheimilda innan þess verði ekki til þess að veikja atvinnugrundvöll og byggðafestu á Vestfjörðum

Flutningsmaður: Finnur Ólafsson fyrir hönd Kaldrananeshrepps

Greinargerð

5,3% kerfið hefur mikilvægu hlutverki að gegna við að styðja við sjávarbyggðir sem eiga undir högg að sækja vegna samþjöppunar aflaheimilda og breyttra atvinnuhátta í sjávarútvegi.

Innan kerfisins eru fjölbreyttar aðgerðir sem þjóna ólíkum tilgangi og styðja við mismunandi rekstrarform. Línuívilnun, skel- og rækjubætur og sértækur byggðakvóti hafa reynst sérstaklega mikilvægar fyrir sjávarbyggðir á Vestfjörðum, þar sem smábátaútgerð og fiskvinnsla í landi eru víða undirstaða atvinnulífs.

Þessar aðgerðir stuðla að því að afla sé landað og hann unninn í heimabyggð, skapa atvinnu allt árið og styrkja rekstrargrundvöll fyrirtækja sem halda uppi atvinnustarfsemi í fámennum byggðarlögum.

Strandveiðar eru mikilvægur hluti íslensks sjávarútvegs og geta haft jákvæð áhrif á atvinnulíf sjávarbyggða. Hins vegar er mikilvægt að aukning aflaheimilda til strandveiða verði ekki fjármögnuð með skerðingu á öðrum aðgerðum sem hafa jafnvel meiri áhrif á heilsársatvinnu og byggðafestu.

Sérstaklega ber að hafa í huga að vægi þessara aðgerða er hlutfallslega mun meira í atvinnulífi Vestfjarða en víða annars staðar á landinu. Skerðing þeirra gæti því haft veruleg

áhrif á rekstrargrundvöll útgerða og fiskvinnslufyrirtækja og þar með búsetuskilyrði í minni sjávarbyggðum.

Mikilvægt er að stjórnvöld horfi til heildaráhrifa ráðstöfunar aflaheimilda á atvinnu, verðmætasköpun og byggðafestu þegar teknar eru ákvarðanir um framtíð 5,3% kerfisins.